

Nefndarálit með breytingartillögu

um tillögu til þingsályktunar um bann við notkun gúmmíkurla
úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum.

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Frey Hermannsson og Kristin Wíium frá foreldrahópnum Nýjan völl án tafar, öll dekkjakurl til grafar, Fríðu Rún Þórðardóttur frá Astma- og ofnæmisfélaginu, Þorbjörn Jónsson og Þórarín Guðnason frá Læknafélagi Íslands, Eðvald Einar Stefánsson frá umboðsmanni barna, Gísli Gíslason og Klöru Bjartmarz frá KSÍ, Gunnlaugu Einarasdóttur og Gunnar Alexander Ólafsson frá Umhverfisstofnun, Þórgný Thoroddsen, Árnýju Sigurðardóttur, Rósu Magnúsdóttur, Þórð Jónsson og Ómar Einarsson frá Reykjavíkurborg og Guðjón Bragason og Lúðvík Gústafsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Astma- og ofnæmisfélagi Íslands, Fjallabyggð, Fjarðabyggð, foreldrahópnum Nýjan völl án tafar, öll dekkjakurl til grafar, Heimili og skóla, Hrunamannahreppi, Hveragerðisbæ, Knattspyrnusambandi Íslands, Læknafélagi Íslands, Norðurþingi, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stykkishólmsbæ, umboðsmanni barna og Umhverfisstofnun.

Með tillögunni er lagt til að umhverfis- og auðlindaráðherra verði falið að setja bann við notkun gúmmíkurla úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum og að ráðherra móti í kjölfarið áætlun sem miði að því að gúmmíkurla úr dekkjum verði skipt út fyrir hætuminni efni á þeim leik- og íþróttavöllum þar sem það er að finna og að því verki verði lokið fyrir árslok 2016. Í greinargerð tillögunnar kemur fram að henni sé ætlað að girða eins hratt og unnt er fyrir notkun eittraða og ef til vill heilsuspillandi efna á svæðum sem ætluð eru m.a. til íþróttaiðkunar barna og unglunga og að brýnt sé að gripið sé til aðgerða í þeim efnum án tafar enda óréttlætlanlegt að heilsu og öryggi barna sé teflt í hættu á meðan beðið sé óyggjandi sannana fyrir skaðsemi efnanna.

Á fundum nefndarinnar kom fram það sjálfsagða sjónarmið að vernda eigi börn og ungmenni sem nota gervigrasvelli hérlendis til íþróttar- og tómstundaiðkunar. Þau eigi að njóta vafans hvað varðar þau efni sem notuð eru á völlum og ef líkur séu á að notað hafi verið heilsuspillandi gúmmí eigi að fjarlægja það og skipta því út fyrir hætuminni efni. Gestir nefndarinnar voru allir sammála þessum sjónarmiðum og að mati nefndarinnar hafa á síðustu vikum og mánuðum og við meðferð málsins í nefndinni komið fram upplýsingar sem benda eindregið til þess að það kurlaða dekkjagúmmí sem notað hefur verið á marga gervigrasvelli hér á landi sé að öllum líkindum heilsuspillandi og jafnframt að til séu aðrar tegundir af gúmmí sem notað er á gervigrasvelli sem sé ekki jafn heilsuspillandi þrátt fyrir að vera töluvert dýrara. Komið hefur fram að mörg sveitarfélög muni á næstunni skipta um gúmmí á sínum gervigrasvöllum og kann fjöldi valla að skipta nokkru máli um það hversu hratt það verður verk verður unnið. Þannig gerir Reykjavíkurborg t.d. ráð fyrir því að taka nokkur ár í að skipta út gúmmíinu á sínum völlum og gera það samhliða endurnýjun vallanna.

Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að skipta heilsuspillandi kurluðu dekkjagúmmí út fyrir annað hættuminna efni. Mikilvægt er að fyrir liggi að það efni sem sett verði á vellina verði í raun hættuminna en það sem er nú og að það hafi sömu eða svipaða eiginleika hvað varðar fallvarnir og annað. Því er mikilvægt að fyrir liggi staðfestar rannsóknir á þeim efnum sem notuð verða og mikilvægt að ódýrasta efnið verði ekki valið einfaldlega vegna kostnaðar. Þegar kemur að aðbúnaði barna í leik og tómsendum er mikilvægt að heilsa þeirra sé í fyrirrúmi. Að mati nefndarinnar ber að hraða þessu ferli sem kostur er og gera sveitarfélögum kleift að vinna saman að verkefninu.

Samkvæmt framansögðu er það mat nefndarinnar að skipta beri út kurluðu dekkjagúmmí á gervigrasvöllum landsins fyrir annað hættuminna efni og að sveitarfélögum beri að taka höndum saman um verkefnið. Það er einnig mat nefndarinnar að betra sé að ályktun Alþingis feli í sér samvinnu ríkis og sveitarfélaga um verkefnið, enda standa ákveðin lagaleg sjónarmið í vegi fyrir því að Alþingi álykti um bann við notkun tiltekinna efna. Nefndin leggur því til þá breytingu á tillögugreininni að í stað þess að ráðherra verði falið að banna notkun tiltekins efnis verði ráðherra falið, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnun, að móta áætlun um að kurluðu dekkjagúmmí verði skipt út fyrir hættuminni efni og að því verki verði lokið fyrir árslok 2016.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela umhverfis- og auðlindaráðherra, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnun, að móta áætlun sem miði að því að kurluðu dekkjagúmmí verði skipt út fyrir hættuminni efni á þeim leik- og íþróttavöllum þar sem það er nú að finna. Því verki verði lokið fyrir árslok 2016.

Elín Hirst, Ásta Guðrún Helgadóttir og Vilhjálmur Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. júní 2016.

Höskuldur Þórhallsson,
form., frsm.

Katrín Júlíusdóttir.

Haraldur Einarsson.

Birgir Ármannsson.

Svandís Svavarsdóttir.

Róbert Marshall.